

Nd.

301. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Meiri hl. nefndarinnar lagðist gegn þessu frv., en ég legg til, að það verði samþykkt.

Það er orðin hin brýnasta þörf á því fyrir allan verkalýð, að vísitalan sé greidd mánaðarlega. Öll þau loforð, sem ríkisstjórnin gaf um stöðvun eða lækkun dýrtíðar, hafa brugðizt. Samkvæmt greinargerð „visindamannanna“ fyrir gengislækkunarfrumvarpinu átti vísitalan að hækka um 11—13%, en nú þegar er hækkunin orðin 23% og viðbúið, að hún haldi áfram að hækka á næstu mánuðum.

Það ástand, sem verkalýðurinn og flestallir launþegar nú búa við, er því orðið óþolandi, og kastar þó fyrst tólfunum, þegar ríkisstjórnin leiðir atvinnuleysið yfir alþýðu manna í viðbót við þau lélegu launakjör, sem skömmtuð voru með gengislækkunarlagunum.

Öll verkalýðssamtök landsins standa á bak við þá kröfu, sem í þessu frv. felst: að laun hækki eða lækki mánaðarlega í samræmi við hreyfingu vísitölunnar.

Nýafstaðið þing Alþýðusambands Íslands samþykkti einróma mjög eindregna og rökstudda ályktun þess efnis, og fylgir hún hér með sem fylgiskjal. Er auðséð af þeim viðurlögum, er Alþýðusambandið þar heitir, ef ekki verður orðið við þessum réttmætu óskum þess, að ríkisstjórnin er beinlínis að stofna til vinnuófriðar í landinu með því að viðhalda hinum ranglátu vísitöluákvæðum gengislækkunarlaganna, eftir að allir útreikningar, sem ríkisstjórnin byggði á, hafa sýnt sig að vera rangir.

Ég legg því eindregið til, að þetta frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1950.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Ályktun 22. þings Alþýðusambands Íslands um dýrtíðina og kaupgjaldið.

„Alger stöðvun eða lækun dýrtíðarinnar var meginkrafa seinasta Alþýðusambandsþings til ríkisvaldsins. —

Yrði sú krafa að vettugi virt, fól þingið sambandsstjórn að vernda hagsmuni verkalýðsins með því að beita sér fyrir almennum grunnkaupshækkunum, þannig að raunverulegur kaupmáttur launanna rýrnaði ekki.

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands er hin sama í dag.

Á þessu ári greip meiri hluti Alþingis til þess óheillaráðs að lækka stórlega gengi íslensku krónunnar, þrátt fyrir ítrekuð og öflug mótmæli alþýðusamtakanna.

Nú er reynslan fengin af gengislækkuninni, og hefur hún í einu og öllu staðfest varnaðarorð verkalýðssamtakanna.

Allir hljóta að viðurkenna, að afleiðingar hennar eru stóraukin dýrtíð og dvínandi atvinna.

Vélbátaútvegurinn er að mestu stöðvaður vegna óheyrilegrar verðhækkunar á flestum nauðsynjum hans, svo sem salti, olíu, veiðarfærum, vélum og viðhaldskostnaði — en fiskverðið er óbreytt.

Ög fyrir afkomu alþýðuheimilanna eru afleiðingar gengislækkunarinnar tilfinnanlegt áfall — bæði vegna samdráttar atvinnulífsins og gifurlegrar verðhækkunar allra lífsnauðsynja.

Samkvæmt ákvæðum gengislaganna er kaupgjald bundið frá 1. júlí s. l. til næstu áramóta, og hefur dýrtíðin aldrei vaxið örar en á þessu tímabili. Þannig hefur ríkisstjórnin brugðizt þeirri siðferðislegu skyldu, er á hana féll með kaupbindingunni, að stöðva þá verðhækkanir á sama tíma Nú er allt útlið fyrir, að kaup fáist jafnvel ekki leiðrétt til samræmis við vísitölu um næstu áramót, og verður það þá óbreytt næstu sex mánuði.

Því telur þingið, að verkalýðshreyfingin verði nú að spyrna við fótum, stöðva kjararýrnun þá, er af þessu hefur leitt, og hefja sókn fyrir því, sem tapast hefur, og batnandi lífskjörum.

Felur þingið hinni væntanlegu sambandsstjórn að setja öllu ofar að sameina verkalýðsfélögin til samstilltra átaka í þessu efni.

Þingið leggur ríka áherzlu á, að væntanleg stjórn A.S.Í. hafi forustu um, að félögin leggi sameiginlega til þeirrar baráttu, sem fram undan er, meðal annars með því, að sambandsfélögin samræmi uppsagnarákvæði samninga sinna betur en orðið er, enda sé áfram haldið á þeirri braut til samræmingar kaupgjalds, sem unnizt hefur á seinasta kjörtímabili.

Það er alger lágmarkskrafa, að þegar í stað fáist kaup í samræmi við útreiknaða vísitölu hvers mánaðar, og felur þingið væntanlegri sambandsstjórn að fylgja þeirri kröfu vægðarlaust fram við ríkisstjórnina.“